

HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR FYRIR HLUTHAFA

Eftirfarandi skjöl má nálgast á aðalfundarsíðu Marel, www.marel.com/agm, og á skrifstofu félagsins að Austurhrauni 9, Garðabæ.

- Boðun aðalfundar 2021, dagskrá, tillögur stjórnar til aðalfundar ásamt greinargerð
- Ársskýrsla Marel 2020 – *aðgengileg frá 17. mars 2021 (aðeins á ensku)*
- Ársreikningur Marel fyrir árið 2020
- Endanlegar tillögur fyrir aðalfund 2021 – *aðgengilegar frá 7. mars 2021*
- Endanleg dagskrá aðalfundar 2021, ásamt tillögum hluthafa og endanlegum framboðum til stjórnar félagsins – *aðgengileg frá 14. mars 2021*
- Skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu (aðeins á ensku)
- Tillögur tilnefningarnefndar til stjórnar félagsins (aðeins á ensku)
- Reglur um rafræna atkvæðagreiðslu (aðeins á ensku)
- Samantekt um hlutafjareign og atkvæðisrétt hluthafa (aðeins á ensku)
- Upplýsingar um réttindi hluthafa (aðeins á ensku)
- Form að umboði fyrir hluthafa

Lögmæti hluthafafunda

Aðalfundur er lögmætur, ef hann sækja (taka þátt í) fulltrúar sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjárins hið minnsta. Atkvæði greidd með rafrænum hætti fyrir fundinn teljast til þátttöku á fundinum.

Réttur til þátttöku á aðalfundi

Rétt til þátttöku á aðalfundi hafa hluthafar, umboðsmenn hluthafa, ráðgjafar hluthafa, endurskoðendur félagsins, stjórn félagsins og forstjóri, þótt ekki sé hluthafi. Þá getur stjórnin boðið sérfræðingum setu á einstökum fundum, ef leita þarf áhlits þeirra eða aðstoðar.

Aðalfundur Marel 2021 verður rafrænn fundur. Stjórn Marel hefur samþykkt reglur um rafræna atkvæðagreiðslu sem gilda um rafræna hluthafafundi, rafræna kosningu á hluthafafundum og rafræna kosningu fyrir aðalfund.

Íslensk hlutafélagalög gera ekki ráð fyrir að ákveðinn sé réttindadagur (e. record date) sem ákvarðar rétt hluthafa til þátttöku á aðalfundi. Nánari upplýsingar um hvernig hluthafar geta sýnt fram á hlutafjareign sína í Marel á aðalfundardegi er að finna hér að neðan: *Mæting á rafrænan aðalfund* og *Rafræn atkvæðagreiðsla fyrir aðalfund*.

Eigi margir hlut saman geta þeir aðeins beitt réttindum sínum í félaginu með sameiginlegum umboðsmanni.

Mæting á rafrænan aðalfund

A. Hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi

Rafrænn aðalfundur Marel verður haldinn á rafrænum vettvangi Lumi AGM ("rafrænn vettvangur").

Til þess að fá aðgangsupplýsingar þurfa hluthafar að skrá mætingu sína á aðalfund fyrirfram í gegnum vefsíðuna <https://smartagm.com>. Við skráningu verða hluthafar að veita nauðsynlegar upplýsingar og hlaða upp mynd af gildu skilríki og gildu umboði, ef við á. Hluthafar skulu gæta að því að því að veita rétt netfang og símanúmer við skráningu til geta mótttekið aðgangsupplýsingar.

Hægt er að sækja um skráningu á rafræna aðalfundinn **frá kl. 12:00 (GMT) þann 18. febrúar 2021 til kl. 12:00 (GMT) þann 17. mars 2021**. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

Hluthafar munu síðan fá staðfestingu í tölvupósti til að staðfesta að umsókn um skráningu á aðalfund hafi verið móttækin.

Hluthafar sem hafa skráð sig á rafræna aðalfundinn munu fá sendan tölvupóst eftir 12. mars 2021 og ekki seinna en kl. 15:00 (GMT) þann 15. mars 2021 (fer eftir dagsetningu skráningar) á það netfang sem var gefið upp við skráningu, með þeirra persónulega notendanafni og hlekk á rafræna aðalfundinn. Hluthafar munu einnig fá lykilorð sent í skilaboðum í það símanúmer sem gefið var upp við skráningu.

Á Lumi AGM rafræna vettvangnum munu hluthafar geta fylgst með aðalfundinum, kosið um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og spurt spurninga, bæði skriflega sem og í gegnum síma.

Á fundinum geta hluthafar greitt atkvæði um tillögur með því að velja annað hvort **MEÐ** (e. FOR), **MÓTI** (e. AGAINST) eða **SIT HJÁ** (e. ABSTAIN) á kjörseðlinum á rafræna vettvangnum. Athygli er vakin á því að rafræni vettvangurinn er aðeins aðgengilegur á ensku.

Fundarstjóri aðalfundarins mun tilkynna þegar atkvæðagreiðsla um tillögur opna og loka. Þegar tillaga er opin fyrir atkvæðagreiðslu munu birtast mögulegir valmöguleikar. Til þess að greiða atkvæði skal ýta á þann hnapp sem hluthafi óskar sér og verður valið merkt með lit. Hægt er að breyta um valmöguleika meðan atkvæðagreiðsla er opin en eftir að fundarstjóri hefur lokað þeim lið atkvæðagreiðslunnar verður ekki lengur hægt að breyta. Fundarstjóri getur tilkynnt að fleiri en einn liður opni og loki hverju sinni.

Hluthafar sem hafa greitt atkvæði fyrir fundinn (sjá nánar undir „Rafræn atkvæðagreiðsla fyrir aðalfund“) og mæta á rafræna aðalfundinn geta valið að annað hvort láta þau atkvæði gilda sem greidd voru fyrir fundinn eða breyta atkvæðum sínum á meðan fundi stendur. Nýjustu atkvæðin verða talin gilda.

Fundarstjóri aðalfundarins mun gæta að því að atkvæðafjöldi hluthafa á rafræna vettvangnum sé í samræmi við fjölda atkvæða hluthafa í hlutahafaskrá Marel. Ef upp kemur misræmi þar á milli er það atkvæðafjöldi hluthafaskrárinnar sem gildir.

Umboðsmenn sem mæta á fundinn fyrir hönd umbjóðanda sinna og umboðsmenn sem koma fram fyrir hönd margra umbjóðanda þurfa að hlaða upp gildum umboðum við skráningu á rafræna aðalfundinn. Hægt er að nálgast form fyrir umboð á vefsíðu aðalfundar Marel, www.marel.com/agm.

B. Hlutabréf skráð í Euronext Amsterdam

Rafræn mæting og rafræn atkvæðagreiðsla á aðalfundi vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext Amsterdam er á grundvelli umboðs sem útgefið er af Euroclear Nederland, sem lagalegs eiganda allra hlutabréfa í Marel sem skráð eru í Euronext Amsterdam, til endanlegra eigenda, sem eiga hlutfallsleg réttindi í gegnum Euroclear Nederland (hluthafar). Þetta gerir hluthöfum kleift að nýta atkvæðisrétt sinn og sækja hluthafafundi, eða gefa fyrirmæli varðandi atkvæðisrétt sinn eða mætingu á fundinn.

ABM AMRO er umboðsmaður Marel vegna aðalfundarins og fer skráning á rafrænan aðalfund í gegnum vefgátt ABN AMRO Bank NV (“vefgátt”).

Vörsluaðilar geta fengið aðgang að vefgáttinni gegnum vefsíðu ABN AMRO www.abnamro.com/intermediary til að skrá sig á rafræna aðalfundinn og hluthafar geta skráð sig á rafræna aðalfundinn í gegnum síðuna www.abnamro.com/evoting.

Vefgáttin mun opna fyrir skráningar á rafræna aðalfundinn þann 18. febrúar 2021 og loka kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 17. mars 2021. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

Vörsluaðilar geta verið með mismunandi leiðir fyrir hluthafa til að skrá sig á rafræna aðalfundinn og geta skráningar því lokað fyrir framangreindan tímafrest. Eru hluthafar því hvattir til að hafa samband við sína vörsluaðila eins fljótt og hægt

er til að nálgast upplýsingar um skráningu og atkvæðagreiðslu fyrir rafræna aðalfundinn (*sjá Rafræn atkvæðagreiðsla vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext Amsterdam*). Marel ber ekki ábyrgð á því að hluthafi getur ekki skráð sig á rafræna aðalfundinn sökum þess að vörsluaðilar hafa lokað skráningu fyrir framangreindan tímafrest.

Hluthafar sem hafa kosið rafrænt gegnum vefgáttina fyrir aðalfundinn (*sjá Rafræn atkvæðagreiðsla vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext Amsterdam*) geta mætt á aðalfundinn ef þeir eða vörsluaðilar þeirra hafa skráð þá á rafræna aðalfundinn í gegnum vefgáttina. Við skráningu á aðalfundinn þarf hluthafinn að tilkynna sínum vörsluaðila ef viðkomandi ætlar sér að mæta á rafræna aðalfundinn, með eða án atkvæðaréttar.

Á aðalfundinum munu hluthafar geta fylgst með aðalfundinum, greitt atkvæði um þær tillögur sem lagðar hafa verið fram og spurt spurninga, bæði skriflega sem og í gegnum síma.

Á aðalfundinum geta hluthafar greitt atkvæði um tillögur með því að velja annað hvort **MEÐ** (e. FOR), **MÓTI** (e. AGAINST) eða **SIT HJÁ** (e. ABSTAIN) á kjörseðlinum á vefgáttinni. Athygli er vakin á því að vefgáttin er aðeins aðgengileg á ensku.

Fundarstjóri aðalfundarins mun tilkynna þegar atkvæðagreiðsla um tillögur opna og loka. Þegar tillaga er opin fyrir atkvæðagreiðslu munu birtast mögulegir valmöguleikar. Til þess að kjósa skal ýta á þann hnapp sem hluthafi óskar sér og verður valið merkt með lit. Hægt er að breyta um valmöguleika meðan atkvæðagreiðsla er opin en eftir að fundarstjóri hefur lokað þeim lið atkvæðagreiðslunnar verður ekki lengur hægt að breyta. Fundarstjóri getur tilkynnt að fleiri en einn liður opni og loki hverju sinni.

Fundarstjóri aðalfundarins mun gæta að því að atkvæðafjöldi hluthafa á rafræna vettvangnum sé í samræmi við fjölda atkvæða hluthafa í hluthafaskrá Marel. Ef upp kemur misræmi þar á milli er það atkvæðafjöldi hluthafaskrárinnar sem gildir.

C. Hluthafar og umboðsmenn hluthafa sem eiga bæði hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi og í Euronext Amsterdam

Hluthafar og umboðsmenn hluthafa sem mæta á aðalfundinn og eiga bæði hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi og í Euronext Amsterdam verða að fylgja leiðbeiningum sem koma fram í staflíðum A og B hér að framan. Hluthöfum er bent á að það er ekki nægjanlegt að fylgja eingöngu öðrum hvorum staflíðnum ef hluthafi ætlar að nýta sér allan atkvæðisrétt sinn á aðalfundinum.

D. Ráðgjafar hluthafa og aðrir boðsgestir sem mæta á aðalfundinn

Ráðgjafar hluthafa sem mæta á fundinn verða að skrá sig við með því að senda inn beiðni um skráningu á netfangið agm@marel.com fyrir kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) á fundardegi. Þetta gildir einnig um aðra boðsgesti.

Rafræn atkvæðagreiðsla fyrir aðalfund

Hluthafar (eða umboðsmaður fyrir þeirra hönd) geta greitt atkvæði rafrænt fyrir aðalfundinn, eins og kveðið er á um í Reglum um rafræna atkvæðagreiðslu, sem settar eru af stjórn félagsins og dagsettar eru 17. febrúar 2021. Reglur um rafræna atkvæðagreiðslu má nálgast í heild sinni á ensku á aðalfundarsíðu félagsins, www.marel.com/agm. Atkvæði sem greidd eru með rafrænum hætti fyrir aðalfundinn verða að hafa borist félaginu fyrir kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 17. mars 2021 með þeim hætti sem fram kemur hér á eftir. Hluthafar munu ekki geta greitt atkvæði með rafrænum, eða öðrum hætti eftir þann tíma nema þeir mæti á rafræna aðalfundinn eða umboðsmaður fyrir þeirra hönd.

A. Rafræn atkvæðagreiðsla vegna hlutabréfa sem skráð eru á Nasdaq á Íslandi

Hluthafar sem eiga hlutabréf sem skráð eru á Nasdaq á Íslandi geta greitt atkvæði rafrænt frá kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 12. mars 2021 til kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 17. mars 2021 í gegnum LUMI AGM rafræna vettvanginn.

Til þess að fá aðgangsupplýsingar þurfa hluthafar að skrá mætingu sína á rafrænan aðalfund fyrirfram í gegnum vefsíðuna <https://smartagm.com>. Við skráningu verða hluthafar að veita nauðsynlegar upplýsingar og hlaða upp mynd af gildu skilríki og

gildu umboði, ef við á. Hluthafar skulu gæta að því að veita rétt netfang og símanúmer við skráningu til geta mótttekið aðgangsupplýsingar. Hægt er að nálgast skjal fyrir umboð á síðu aðalfundar Marel, www.marel.com/agm.

Hægt er að sækja um skráningu til að greiða atkvæði rafrænt fyrir aðalfund frá kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 18. febrúar 2021 til kl. 22:00 (GMT)/23:00 (CET) þann 16. mars 2021. Hluthafar eru hvattir til að skrá sig eins snemma og hægt er til að nægur tími gefist til að fá aðgangsupplýsingar og til að hægt sé að aðstoða hluthafa ef upp koma tæknileg vandamál.

Hluthafar munu síðan fá staðfestingu í tölvupósti til að staðfesta að umsókn um rafræna atkvæðagreiðslu fyrir aðalfundinn hafi verið móttekin.

Hluthafar sem hafa skráð sig á rafræna aðalfundinn munu fá sendan tölvupóst eftir 12. mars 2021 og ekki seinna en kl. 15:00 (GMT) þann 16. mars 2021 (fer eftir dagsetningu á skráningu) á það netfang sem var gefið upp við skráningu, með þeirra persónulega notendanafni og hlekk á rafræna aðalfundinn. Hluthafar munu einnig fá lykilorð sent í skilaboðum í það símanúmer sem gefið var upp við skráningu.

Hluthafar sem hafa skráð sig til að greiða atkvæði fyrir aðalfund geta notað sömu aðgangsupplýsingar til að nálgast rafræna fundinn. Á rafræna fundinum geta hluthafar valið að annað hvort láta þau atkvæði gilda sem greidd voru fyrir fundinn eða breyta atkvæðum sínum á meðan fundi stendur. Nýjustu atkvæðin verða talin gilda.

Hluthafar geta greitt tillögum atkvæði með því að velja á milli valmöguleikanna **MED** (e. FOR), **MÓTI** (e. AGAINST) eða **SIT HJÁ** (e. ABSTAIN) á rafrænum atkvæðaseðli á rafræna vettvanginum. Athygli er vakin á því að rafræni vettvangurinn er aðeins aðgengilegur á ensku.

Hluthöfum er bent á að þrátt fyrir að það sé mögulegt að greiða tillögum aðalfundar atkvæði með rafrænum hætti frá 12. mars 2021, þá getur dagskrárliðum verið bætt við dagskrá aðalfundarins eftir að opnað er fyrir rafræna atkvæðagreiðslu á rafræna vettvanginum. Hluthafar hafa heimild til að leggja fram tillögur/mál sem lögð skulu fyrir aðalfund þar til 10 dögum fyrir aðalfund. Komi fram tillögur frá hluthöfum verður dagkrá fundarins endurskoðuð og birt í síðasta lagi 3 dögum fyrir aðalfund.

Hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutafjár í félaginu geta krafist þess að hlutfalls-, eða margfeldiskosningu verði beitt við stjórnarkjör í félaginu. Hluthafar hafa þar til 5 dögum fyrir hluthafafund til að koma fram með þessa kröfu til stjórnar félagsins. Komi fram krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu munu viðeigandi breytingar verða gerðar á rafræna vettvanginum til að hún geti tekið við atkvæðum samkvæmt hinni nýju kosningareglu. Verði atkvæði sem hafa verið greidd í gegnum rafræna vettvanginn óbreytt eftir að kosningareglunni var breytt verður litið svo á að atkvæði greidd frambjóðendum til stjórnar skiptist í jöfnum hlutföllum á milli þeirra.

Samkvæmt grein 4.22 í samþykktum Marel, er heimilt að bera upp löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis. Atkvæði sem hafa verið greidd rafrænt fyrir fundinn í gegnum rafræna vettvanginn skoðast sem greidd upphaflegu tillögunni og á móti viðauka-/breytingartillögunni.

Marel ber ekki ábyrgð á því ef hluthafar geta ekki skráð sig tímanlega inn á rafræna vettvanginn til að greiða atkvæði rafrænt, vegna skorts á notendanafni og lykilorði, tæknilegra erfiðleika eða vegna annarra vandamála sem upp geta komið. Marel ber ekki ábyrgð á því ef hluthafi greiðir atkvæði byggt á dagskrá sem er ekki endanleg eða byggt á kosningareglum sem síðar hefur verið breytt vegna framkominnar kröfu um hlutfalls- eða margfeldiskosningu.

B. Rafræn atkvæðagreiðsla vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext Amsterdam

Rafræn atkvæðagreiðsla vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext Amsterdam er í gegnum vefgátt í umsjón ABN AMRO Bank NV, sem er umboðsaðili Marel vegna hlutabréfa skráðra í Euronext Amsterdam vegna aðalfundarins. Rafræn atkvæðagreiðsla vegna hlutabréfa sem skráð eru í Euronext Amsterdam er á grundvelli umboðs sem útgefið er af Euroclear Nederland, sem lagalegs eiganda allra hlutabréfa í Marel sem skráð eru í Euronext Amsterdam, til endanlegra eigenda, sem eiga hlutfallsleg réttindi í gegnum Euroclear Nederland (hluthafar). Þetta gerir hluthöfum kleift að nýta atkvæðisrétt sinn og sækja hluthafafundi, eða gefa fyrir máli varðandi atkvæðisrétt sinn eða mætingu á fundinn.

Vörsluaðilar geta nálgast vefgáttina í gegnum vefsíðu ABN AMRO www.abnamro/intermediary til að skrá sig á rafræna aðalfundinn og hluthafar geta skráð sig á rafræna aðalfundinn í gegnum vefsíðuna www.abnamro.com/evoting.

Hluthafar geta greitt atkvæði með tillögum fyrir aðalfund frá kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 18. febrúar 2021. Atkvæði sem greidd eru fyrir aðalfund þurfa að berast félaginu fyrir kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 17. mars 2021. Atkvæði greidd eftir það verða talin ógild.

Sérhver vörsluaðili getur verið með aðrar leiðir til að skrá atkvæðagreiðslu hluthafa og veita aðrar leiðbeiningar og geta lokað fyrir atkvæðagreiðslu fyrr.

Hluthöfum eru hvattir til að hafa samband við vörsluaðila sína sem fyrst til að nálgast upplýsingar um rafræna atkvæðagreiðslu og til að veita leiðbeiningar um atkvæðigreiðslu fyrir aðalfund. Marel ber ekki ábyrgð ef hluthafi getur ekki skráð sig til rafrænnar atkvæðagreiðslu eða greitt atkvæði fyrir aðalfundinn sökum þess að vörsluaðili lokar fyrir skráningu fyrir framangreindan tímafrest eða er með aðrar leiðir fyrir skráningu eða atkvæðagreiðslu.

Hluthöfum er bent á að þrátt fyrir að mögulegt er að greiða tillögum aðalfundar atkvæði með rafrænum hætti í vefgáttinni frá kl. 12:00 (GMT)/13:00 (CET) þann 18. febrúar 2021, getur dagskrárliðum verið bætt við dagskrá aðalfundarins eftir að opnað er fyrir rafræna atkvæðagreiðslu í vefgáttinni. Hluthafar hafa heimild til að leggja fram tillögur/mál sem lögð skulu fyrir aðalfund þar til 10 dögum fyrir aðalfund. Komi fram tillögur frá hluthöfum verður dagkrá fundarins endurskoðuð og birt í síðasta lagi 3 dögum fyrir aðalfund.

Nýir frambjóðendur gætu komið fram eftir að opnað hefur verið fyrir rafræna atkvæðagreiðslu í vefgáttinni, þar sem frambjóðendur hafa þar til 14 dögum fyrir hluthafafund til að tilkynna framboð sitt í stjórn félagsins. Endanlegur listi yfir frambjóðendur verður birtur í síðasta lagi 10 dögum fyrir aðalfundinn.

Hluthafar sem ráða yfir minnst 1/10 hlutfjár í félaginu geta krafist þess að hlutfalls-, eða margfeldiskosningu verði beitt við stjórnarkjör í félaginu. Hluthafar hafa þar til 5 dögum fyrir hluthafafund til að koma fram með þessa kröfu til stjórnar félagsins. Komi fram krafa um hlutfalls- eða margfeldiskosningu munu viðeigandi breytingar verða gerðar á vefgáttinni til að hún geti tekið við atkvæðum samkvæmt hinni nýju kosningareglu. Verði atkvæðum sem hafa verið greidd í gegnum vefgáttina ekki breytt eftir að kosningareglunni var breytt verður litið svo á að atkvæði greidd frambjóðendum til stjórnar skiptist í jöfnum hlutföllum á milli þeirra.

Rafræn atkvæði greidd í gegnum vefgáttina verða að hafa borist félaginu fyrir klukkan 12:00 GMT / 13:00 CET þann 17. mars 2021. Atkvæði greidd eftir þennan tíma eru ógild. Vörsluaðilar kunna að loka fyrir rafræna atkvæðagreiðslu fyrir framangreindan tímafrest. Marel ber ekki ábyrgð á því ef hluthafar ná ekki að greiða atkvæði, geta ekki greitt atkvæði um endanlegar tillögur sem bætt hefur verið á dagskrá fundarins, eða greitt atkvæði á grundvelli breyttra kosningarreglna, vegna þess að vörsluaðili hefur lokað fyrir atkvæðagreiðslu fyrir framangreindan tímafrest.

Samkvæmt grein 4.22 í samþykktum Marel, er heimilt að bera upp löglega frambornar viðauka- og breytingartillögur á fundinum sjálfum, enda þótt þær hafi ekki áður legið frammi hluthöfum til sýnis. Atkvæði sem hafa verið greidd rafrænt fyrir fundinn í gegnum vefgáttina skoðast sem greidd upphaflegu tillögunni og á móti viðauka-/breytingartillögunni.

Marel ber ekki ábyrgð á því ef hluthafar geta ekki greitt atkvæði rafrænt fyrir aðalfundinn í gegnum vörsluaðila sinn, vegna tæknilegra örðugleika eða annarra vandamála sem upp kunna að koma og koma í veg fyrir að þeir geti greitt atkvæði í gegnum viðkomandi vörsluaðila.

C. Rafræn atkvæðagreiðsla hluthafa sem eiga bæði hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi og Euronext Amsterdam

Hluthafar sem eiga bæði hlutabréf skráð á Nasdaq á Íslandi og Euronext Amsterdam, sem vilja greiða atkvæði rafrænt fyrir aðalfundinn, verða að fylgja leiðbeiningum undir stafliðum A og B hér að ofan. Vinsamlegast athugið að það er ekki nóg að fylgja öðrum hvorum staflið ef hluthafar vilja nýta sér allan atkvæðisrétt sinn á aðalfundinum.

Vefútsending

Upptaka af skýrslu stjórnar og skýrslu forstjóra verður aðgengileg að fundi loknum á slóðinni marel.com/agm.